

Reykjavík, 23. mars 2002.

Skýrsla Úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála um starfssemi nefndarinnar árið 2001.

Fjögur mál bárust nefndinni á árinu.

Mál nr. 1/2001: Í máli þessu kærðu Eldhestar ehf. til nefndarinnar þá ákörðun Póst- og fjarskiptastofnunar að hafna kröfu þeirra um að Landssíma Íslands hf. yrði heimilað að upplýsa um tvo síðustu tölustafi í tilteknu símanúmeri. Krafa Eldhesta ehf. var að Póst- og fjarskiptastofnun yrði gert skylt að veita Landssíma Íslands hf. undanþágu til að gefa upp umbeðið símanúmer í heild sinni.

Staðfesti nefndin ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um að hafna beiðninni, m.a. með vísan til tilkynningar tölvunefndar frá 14. nóvember 1995. Taldi nefndin að sú takmörkun á upplýsingagjöf sem regla tölvunefndar hefur í för með sér fyrir réttthafa fastasíma þ.e. að ávallt skuli sleppt tveimur síðustu tölustöfum í símanúmerum sem hringt er í brjóti ekki gegn lögum nr. 107/1999, lögum nr. 77/2000 eða tilskipun 97/66/EB. Taldi nefndin að réttarheimildir skorti til að víkja frá þeim reglum sem fram koma í tilkynningu tölvunefndar.

Mál nr. 2/2001: Í máli þessu kærði Bella símamær ehf. þá ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um að hafna úthlutun á símanúmerinu 1313 til fyrirtækisins og jafnframt umsókn um rekstrarleyfi.

Nefndin staðfesti ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um að hafna beiðni fyrirtækisins um símanúmerið 1313 og einnig kröfu fyrirtækisins um úthlutun á rekstrarleyfi. Hvað varðar höfnun á úthlutun á símanúmerinu byggðist ákvörðun nefndarinnar m.a. á því að Póst- og fjarskiptastofnun hefði allan rétt að lögum til að ákveða fyrirkomulag um úthlutun númera, enda væri í þeim efnum gætt fyllsta jafnræðis. Nefndin taldi að þær reglur sem gilda um ágreiningsefnið geri ráð fyrir að fjögurra stafa númerum verði eingöngu úthlutað sem þjónustunúmerum til rekstrarleyfishafa í fjarskiptaþjónustu. Nefndin taldi að synjun Póst- og fjarskiptastofnunar á að úthluta númerinu byggði á lagalegri heimild og bryti ekki gegn samkeppnislögum enda væru þau byggð á málefnalegum forsendum. Nefndin staðfesti einnig ákvörðun um að hafna rekstrarleyfi til fyrirtækisins og var í því sambandi sammála þeirri túlkun Póst- og fjarskiptastofnunar á fjarskiptalögum nr. 107/1999 að útgáfa rekstrarleyfa væri bundin við rekstur á fjarskiptaneti eða

fjarskiptapjónustu. Taldi nefndin að rekstur fyrirtækisins eins og honum var lýst félli ekki undir slíka starfsemi.

Mál nr. 3/2001: Í máli þessu kærði Lína.Net hf. þá ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar að Lína.Net hf. hefði ekki formlega heimild til notkunar á tínisviðinu 3.425-3.450 / 3.525-3.550 GHz. Krafa fyrirtækisins byggðist á því að Póst- og fjarskiptastofnun hefði tekið bindandi ákvörðun um að að veita Gagnaveitunni ehf. (áður Háás ehf.) leyfi fyrir rekstri almenns fjarskiptanets á örbylgjusviði og að úthluta áðurnefndu tíðnisviði til Gagnaveitunnar ehf. Krafa fyrirtækisins var að við samruna Gagnaveitunnar ehf. við Línu.Net hf. teldist Lína.Net hf. formlega réttur handhafi leyfa og úthlutana Póst- og fjarskiptastofnunar til Gagnaveitunnar ehf. Ágreiningur í máli þessu snerist annars vegar um það hvort Gagnaveitan ehf. hefði fengið úthlutað leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets á örbylgjusviði og jafnframt tíðnisviðinu 3.425-3.450 / 3.525-3.550 GHz., þ.e. hvort slík leyfi hefðu verið gefin af Póst – og fjarskiptastofnun. Hins vegar kom til úrskurðar hvort Lína.Net hf. hefði orðið rétthafi leyfa Gagnaveitunnar ehf. við samruna þess við Línu.Net hf.

Nefndin felldi annars vegar úr gildi þá ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um að Gagnaveitan ehf. hefði ekki fengið leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets á örbylgjusviði né fengið úthlutað tíðnisviðinu 3.425-3.450 / 3.525-3.550 GHz. Ákvörðun nefndarinnar byggði m.a. á því að samskipti milli aðila og bréfaskipti um tíðniúthlutanir hefði að mati nefndarinnar í reynd falið í sér leyfisveitingu og veitt Gagnaveitunni ehf. rétt til notkunar á umræddu tíðnisviði.

Nefndin staðfesti hins vegar þá ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar að Lína.Net hf. hefði ekki formlega heimild til notkunar á tíðnisviðinu 3.425-3.450 / 3.525-3.550 GHz. Taldi nefndin m.a. með vísan til laga nr. 107/1999 um fjarskipti að heimild til tíðninotkunar sé bundin við nafn og að framsal slíkra réttinda sé óheimilt. Því sé leyfið ekki framseljanlegt. Hvað varðar áhrif samruna þá taldi nefndin að Póst- og fjarskiptastofnun hefði að lögum allan ákvörðunarrétt um veitingu rekstrarleyfa og úthlutun tíðniheimlda. Slíkar úthlutanir séu teknar miðað við forsendur sem tengjast leyfisbeiðanda einum. Niðurstaða nefndarinnar var að áhrif samruna fyrirtækjanna fælu í sér framsalsígildi milli aðila m.a. með vísan til laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og var niðurstaða nefndarinnar sú eins og áður segir að réttindi þessi yfirfærðust ekki við samrunann.

Mál nr. 4/2001: Í máli þessu kærði Landssími Íslands hf. þá ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar að hafna kröfu Landssíma Íslands hf. um innheimtu sérstaks útsendingargjalds (útskriftargjalds) fyrir símreikninga.

Nefndin felldi úr gildi ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar og taldi Landssíma Íslands hf. heimilt að innheimta sérstakt útsendingargjald á símreikninga. Taldi nefndin að með vísan til ákvæða laga nr. 107/1999 og tilskipunar 98/10/EB væru ekki bein ákvæði um bann við gjaldtöku þessari, en óheimilt sé hins vegar að taka sérstakt gjald fyrir sundurliðun símreikninga eftir tegund þjónustu. Niðurstaða nefndarinnar var sú að ef tilgangur löggjafans hefði verið sá að lögfesta efnireglu um bann við töku sérstaks útsendingargjalds vegna símreikninga hefði þurft að kveða skýrt á um það.

Í nefndinni sátu sem aðalmenn Ólafur Axelsson hrl., formaður, Heimir Haraldsson endurskoðandi og Guðjón Kárason verkfræðingur. Varamenn voru Ólafur Garðarsson hrl., Sæmundur Valdimarsson endurskoðandi og Þórarinn K. Ólafsson verkfræðingur.